

Starfsemi
Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2003

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2004

Starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2003

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2004 VMST-S/04005

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 480-1840

Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Efnisyfirlit	Bls
INNGANGUR	1
VEIÐIVÖTN	1
VATNASVÆÐI ÖLFUSÁR-HVÍTÁR	2
ÞINGVALLAVATN	2
ÞJÓRSÁ	4
RANGÁRNAR	5
SJÓBIRTINGSRANNSÓKNIR Á VATNASVÆÐUM GRENLÆKJAR OG SKAFTÁR	5
RANNSÓKNIR Á VATNASVÆÐUM SKAFTÁR OG KÚÐAFLJÓTS VEGNA VIRKJANA	6
ÖNNUR VERKEFNI	6
SJALDSÉÐIR FISKAR	6
ERINDI OG RIT	7


Inngangur

Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar hefur verið starfrækt frá árinu 1986. Helsta hlutverk Veiðimálastofnunar er að: stunda rannsóknir á lífríki í ám og vötnum, rannsaka fiskstofna ferskvatns (lax, urriði, bleikja, áll og hornsíli) og veita ráðgjöf um veiðinýtingu og fiskrækt. Stofnunin er ráðgefandi varðandi framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á lífríki og umhverfi áa og vatna. Mikill hluti starfsemi Suðurlandsdeildar byggir á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir veiðifélög og aðra aðila. Deildin vinnur einnig að sértækari rannsóknarverkefnum. Suðurlandsdeild sér ennfremur um söfnun veiðiskýrsla fyrir Suðurland og vinnslu á hluta þeirra. Tveir starfsmenn störfuðu á deildinni. Sértekjur deildarinnar voru 15,6 millj. en voru tæpar 10,4 millj. árið áður. Útgjöldin voru 15,4 millj. en voru 11,6 millj. árið 2002. Hér verður greint frá helstu rannsóknarverkefnum deildarinnar á árinu 2003.

Veiðivötn

Veiðivötn er vatnaklasi á Landmannaafretti. Þar er stunduð stangveiði og netaveiði á urriða og bleikju. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaafllans tekinn á stöng. Samkvæmt skýrslum veiddust 15.622 silungar í Veiðivötnum á sl. ári. Á stöng veiddust 9.334 urriðar, sem er minni veiði en árið á undan en þá veiddust 10.781 á stöng. Í net veiddust 2.942 urriðar sem er álíka veiði og árið 2002 þegar 2.888 veiddust. Bleikjuveiðin varð 3.346 sem er aukning frá fyrra ári en þá veiddust 2.788 bleikjur. Um helmingur bleikjuafllans var tekinn á stöng.

Rannsóknir í Veiðivötnum voru með hefðbundnum hætti. Ástand fiskstofna var metið í þeim tilgangi að gefa ráð um nýtingu og fiskrækt. Náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin hefur skilað góðum árangri og aukið afrakstur þeirra verulega.




Mynd 1. Veiði sem kg/ha vatna á urriða í Veiðivötnum.

Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafreftar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítá er stórt og jarðfræðilega fjölbreytt og er myndað af ólíkum vatnsföllum. Þar lifa allar tegundir íslenskra ferskvatnsfiska. Deildin kannaði seiðaástand á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár en það hefur verið gert árlega frá árinu 1985. Samdráttur kemur fram í seiðabúskap laxaseiða á svæðinu og eru ástæður þess óþekktar. Ljóst er þó að endurtekin hlaup í Ölfusá-Hvítá hafa neikvæð áhrif á uppeldi seiða í jökulvatninu. Í kjölfar hlaups úr Hagafellsjökli árið 1999 varð minnkun í þéttleika laxaseiða í meginánum Hvítá og Ölfusá. Undanfarin sumur hefur aftur orðið nokkur aukning í þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða í neðri hluta Hvítár. Samdráttur í veiði liggur hinsvegar fyrst og fremst í minnkandi veiðiálagi neta. Á sl. sumri var þó nokkur aukning í laxveiði á vatnasvæðinu, sem má skýra með góðum heimtum úr hafi og þökkalegum seiðaárgöngum sem gengu til sjávar vorið 2002.



Mynd 2. Hlutfallslegar heimtur (%) úr sleppingum gönguseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árin 1986 til 2002.


Í Sogi var haldið áfram rannsóknum á fiski og botndýrum og að þessu sinni var gert búsvæðamat þar sem Sog og þverár þess voru metnar mtt. gæða búsvæða. Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga.

Lokið var verkefni sem tók fyrir merkingar á laxi og silungi í Ölfusá þar sem laxar voru m.a. merktir með sendimerkjum. Verkefnið sem stóð í þrjú ár hefur gefið miklar upplýsingar um gönguhegðun lax og silungs á vatnasvæðinu sem eru mikilvægar varðandi nýtingu og veiðistjórnun. Meginniðurstaðan er sú að laxarnir stoppuðu um lengri eða skemmri tíma á leið sinni upp vatnasvæðið. Á hrygningartíma voru þeir dreifðir um Hvítá og Ölfusá og í Sogi. Niðurstöður verkefnisins verða teknar saman í skýrslu. Verkefnið hefur fengið fjárstuðning frá Veiðifélagi Árnesinga, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Fiskræktarsjóði, Rannsóknarráði Íslands og Landbúnaðarráðuneytinu.

Þingvallavatn

Frá árinu 1999 hefur deildin unnið að verkefni fyrir Landsvirkjun sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns. Hafa þær aðgerðir m.a. falið í sér að koma þar fyrir mól, sem talin er henta til hrygningar fyrir urriða, hrognagreftri og sleppingum urriðaseiða en í útfallinu voru aðalhrygningarstöðvar urriðans í Þingvallavatni sem eyðilögðust þegar þar var virkjað á 6. áratug síðustu aldar. Markmiðið er að þar geti skapast hrygningar- og

uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn. veiðimálastofnun hefur stundað rannsóknir á árangri aðgerðanna ásamt tengdum rannsóknum á fiskstofnum vatnsins. Megináherslan er lögð á vöktun fiskstofna með tilliti til sleppinga og auka almenna þekkingu á lífsháttum urriða í vatninu sem var mjög lítil fyrir. Rannsóknirnar sýna að allnokkur hrygning og uppeldi urriða var í Öxará og þar virðast aðal hrygningarstaður urriða í Þingvallavatni vera. Mjög lítið uppeldi virðist vera í Grafningsánum, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá þó varð vart við meira uppeldi í Ölfusvatnsá en áður og er það að öllum líkindum vegna þess að þar var



Mynd 3. Lengdardreifing urriða úr klakveiði í Öxará og Þingvallavatni haustin 1999-2003.

gerð tilraun með að grafa urriðahrogn veturinn 2003. Í sumar var einnig gerð tilraun með að sleppa urriðaseiðum í Ölfusvatnsá.

Tilraunaveiðar í Þingvallavatni sl. sumar lofa góðu um árangur seiðasleppinga í vatnið.



Mynd 4. Hreistur tekið af vænum Öxarárhæng. Aldur urriðanna er greindur af hreistrinu.

Haustið 2003 voru veiddir urriðar í klak í Öxará og þeir kreistir. Urriðarnir voru merktir og tekið af þeim hreistur til aldursgreiningar og sleppt aftur. Klakurriðar voru

merktir með númeruðum plastmerkjum sem fest eru í bak þeirra en seiði sem sleppt er í vatnið eru merkt með málmflísum sem komið er fyrir í trjónu fiskanna, þau merki sjást ekki en merktir fiskar eru auðkenndir með því að veiðiugginn er klipptur af. Mjög áriðandi er að ef slíkur fiskur veiðist sé trjónan skorin af við augu og henni komið til Veiðimálastofnunar ásamt upplýsingum um stærð fisksins, veiðistað og veiðimann. Með því móti fást m.a. upplýsingar um göngur fiskanna og árangur seiðasleppinga.

Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar í samvinnu við Veiðimálastofnun í Reykjavík. Þær eru unnar fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Veiðifélag Þingvallavatns. Tilraunasleppingar í Ölfusvatnsá eru kostaðar af Orkuveitu Reykjavíkur.

Þjórsá

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með verkefni sem miðar að því að kanna landnám lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Kannaður var seiðabúskapur með rafveiðum og fiskgöngur upp Búða rannsakaðar með teljara, lagt mat á árangur seiðasleppinga út frá merkingum og fullorðinn göngulax og sjóbirtingur var aldursgreindur og merktur. Þá var gerð sértæk könnun á sjógöngu laxa og urriðaseiða úr Kálfá. Þar var lögð áhersla á að meta göngutíma og tengja hann við umhverfispætti s.s. vatnshita og rennsli. Göngur og gönguhraði seiða á leið til sjávar var metinn m.a. með sendimerkingum. Rannsóknir þessar eru ætlaðar til þriggja ára og eru unnar fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í Þjórsá.

Samtals veiddust á fjórða þúsund laxagönguseiði í seiðagildru í Kálfá. Göngurnar komu að mestu í tveimur toppum með hámarki síðla í maí. Urriðaseiðin voru fyrir á ferðinni en laxaseiðin. Göngurnar virðast einkum örvast við hækandi vatnshita. Náttúrulegu laxaseiðin voru flest 2ja ára en algengast er að laxaseiði í íslenskum ám séu þriggja ára þegar þau ganga til sjávar. Þetta bendir til mjög góðra vaxtarskilyrða í Kálfá. Samtals voru um tvö þúsund laxagönguseiði örmerkt. Niðurstöður útvarpsmerkinga á laxaseiðum gefa til kynna að meginhluti þeirra syndi rակleitt niður úr Kálfá og til sjávar. Urriðaseiðin voru mun lengur á leiðinni heldur en laxaseiðin.



Mynd 5. Gönguseiðagildra í Kálfá.

Náttúrulegt klak hefur fundist ofan stigans flest ár frá árinu 1994 og virðist það fara vaxandi. Tveggja ára laxaseiði (árgangur 2001) hafa aldrei fundist þar í viðlíka þéttleika

eins og nú. Þessi seiði munu væntanlega ganga til sjávar vorið 2004 og koma inn í veiðina árin

2005 og 2006. Á Svæðinu neðan Búða eru miklar sveiflur í þéttleika náttúrulegra laxaseiða milli ára. Þetta á einkum við í Kálfá. Bráðabirgðatölur um veiði benda til þess að mikil laxgengd hafi verið í Þjórsá á síðasta ári. Rannsóknir benda til þess að klakárgangar laxaseiða 1999 og 2000 hafi verið tiltölulega sterkir í Þjórsá og Kálfá sem trúlega skýrir að stærstum mikla veiði en einnig hafa sleppiseiði verið að skila sér ásamt klaki af landnámssvæðunum ofan Búða. Árgangur 2001 hefur verið áberandi á laxgengum svæðum. Ef þeim reiðir vel af í sjó má áfram reikna með allmikilli laxgengd í Þjórsá.

Fyrirhugað er að halda áfram rannsóknum á göngu laxa á vatnasvæði Þjórsár, útvarpsmerki ættu að nýtast vel við þá vinnu. Rannsóknir í Þjórsá eru unnar fyrir Landsvirkjun.



Mynd 6. Laxaseiði úr Kálfá merkt með útvarpsmerki.

Rangárnar

Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust um 3.500 laxar í Rangánum á síðastliðnu sumri sem er talsvert meiri afli en árið áður, en þá voru um 1.800 laxar dregnir á land. Lax í Rangánum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða. Suðurlandsdeild sá um uppsetningu fiskteljara í fiskstigum í Árbæjarfossi og Ægissíðufossi í Ytri-Rangá ásamt eftirliti með þeim og úrvinnslu gagna. Teljarinn í Ægissíðufossi taldi samtals um 2 þús. laxa upp sem er talsverð aukning milli ára. Um 10% laxanna voru stórlaxar. Við Árbæjarfoss voru taldir um 250 laxar upp.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár

Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu á hrygningarstöðvar. Jafnframt eru gerðar sírita vatnshitamælingar og ljósmælingar í þeim tilgangi að sjá hvernig vatnshiti og birta hafa áhrif á göngur. Árið 2003 var teljari starfræktur frá 1. júlí til 10. nóvember. Teljarinn er tengdur við símalínu þannig að hægt er að tengjast teljaranum gegnum síma og sækja gögn ásamt því að fylgjast með virkni hans. Tölur úr teljara benda til að sjóbirtingsgengd á hrygningarstöðvar í Grenlæk hafi verið svipuð og árið 2002. Rekstur teljara gekk ekki sem best, mikið rennsli í læknum raskaði talningu.

Hluti sjóbirtingsrannsóknanna eru merkingar en þær miða m.a. að því að meta ratvísi og veiðiálag vor og haust. Í nóvember voru slöngumerktir 19 sjóbirtingar og 12 bleikjur úr klakveiði. Seiðabúskapur var kannaður á vatnasvæði Skaftár og í Grenlæk. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfelt frá árinu 1986. Þéttleiki urriðaseiða hefur verið breytilegur milli ára. Aukning varð í seiðapöttleika milli ára og áberandi var hversu seiðin voru vel fram gengin. Hlýtt og hagstætt tíðarfar á síðasta ári virðist meginskýringin. Langtímarannsóknir sem þessar gefa kost á að meta stofnsveiflur og hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa

aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Síðustu ár hefur fjárstuðningur fengist frá Fiskræktarsjóði.



Mynd 7. Urriðaseiði á öðru ári úr Geirlandsá, algengast er að seiðin gangi til sjávar 3ja ára og um 20-30 cm löng.

Rannsóknir á vatnasvæðum Skaftár og Kúðafljóts vegna virkjana

Á sl. sumri var haldið áfram rannsóknum á fisk- og botndýralífi á vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts vegna hugmynda um virkjanir í Hólmsá og Skaftá. Kannaður var seiðabúskapur á ófiskgengum hlutum í Tungufljóti og Miðá og á fiskgengum svæðum í Tungufljóti og í Hellisá ásamt Skaftá neðan við Hellisá. Metinn var seiðabúskapur og lífsskilyrði fyrir fisk í Kjalnatóakvísl, neðanveðri Skálm og þverá hennar Hólsá. Samhliða fiskirannsóknum var gerð könnun á botndýrum í Hellisá og í Skaftá rétt neðan ármóta Hellisár, í Kjalnatóakvísl og Hólsá. Gögn úr þessari rannsókn eru í vinnslu. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Rannsóknardeild stofnunarinnar, fyrir Landsvirkjun og Rafmagnsveitu ríkisins.

Önnur verkefni


Suðurlandsdeild safnaði neta- og stangveiðiskýrslum úr ám og vötnum á Suðurlandi. Stöðugt er unnið að því að bæta veiðiskráningu. Fjölmarginir ská nú veiði sína vel og skila inn til stofnunarinnar. Margar skýrslur berast því miður seint og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma.

Ráðgjöf í fiskeldi var einkum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar. Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir sem lúta að veiði og vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ár og vötn.

Sjaldséðir fiskar

Deildinni berast af og til sjaldséðir fiskar. Á árinu barst deildinni einn gráröndungur sem veiddist í Holtsósi. Gráröndungur er sjávarfiskur af marlaxaætt sem á það til að ganga í árósa og ísölt sjávarlón. Hann er slæðingur hér við land. Þá bárust deildinni 4 flundrur úr Holtsósi. Fleiri slíkir fiskar veiddust þar sumarið 2003 og árið 2002 þótt ekki væri staðfest að um flundru væri að ræða.

Flundra er flatfiskur (mynd 6) sem lifir á grunnsævi við strendur meginlands Evrópu, á Bretlandseyjum í Færeyjum og við Ísland. Hún hrygnir í sjó en að sumri leitar hún í árósa



og gengur þá oft upp ár og læki. Flundra er nýr landnemi hér við land sem fyrst varð vart sumarið 1999 í Ölfusárósi. Allnokkrar flundrur hafa síðan veiðst einkum á og við sunnanvert Mynd 6. Flundra er ný fisktegund við Ísland.

landið. Mikilsvert er að menn tilkynni stofnuninni ef þeir telja sig hafa veitt flundru eða aðra sjaldséða fiska.

Erindi og rit

Skýrslur Suðurlandsdeildar

Magnús Jóhannsson, 2003. Frá starfsemi SuðurlandsdeildarVeiðimálastofnunar árið 2002. Veiðimálastofnun, VMST-S/03001: 6 bls (einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands árið 2002).

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Erla Björk Örnólfsdóttir, 2003. Fisk- og botndýrarannsóknir í Sogi. Veiðimálastofnun, VMST-S/03002: 38 bls

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2003. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá ásamt urriðarannsóknnum í Þingvallavatni, Veiðimálastofnun, VMST-S/03003: 20 bls

Aðrar skýrslur

Erla B. Örnólfsdóttir, Benóný Jónsson, Magnús Jóhannsson og Ragnhildur Magnúsdóttir, 2003. Botndýra- og seiðarannsóknir í vatnakerfi Skaftár og Kúðafljóts sumarið 2002. Veiðimálastofnun, VMST-R/0303: 32 bls.

Greinar

Magnús Jóhannsson, 2003. Rannsóknir á urriða í Þingvallavatni. Veiðimaðurinn nr.171: 46-49.

Erindi

Magnús Jóhannsson, 2003. Laxfiskar á vatnasvæði Kúðafljóts og Skaftár. Ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri 8. mars.

Magnús Jóhannsson, 2003. Fiskrannsóknir í Ölfusá. Aðalfundur Stangveiðifélags Selfoss, 14. mars 2003.

Magnús Jóhannsson, 2003. Fiskrannsóknir, seiðasleppingar og veiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2003. Aðalfundur Veiðifélags Árneseinga Hótelí Selfossi, 15. Apríl 2003.

Magnús Jóhannsson, 2003. Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni, Sogi og Úlfljótuvatni. Kynningarfundur Landsvirkjunar í Ljósafosstöð 4. 6. 2003.

Magnús Jóhannsson, 2003. Fiskrannsóknir og veiðimál í Þjórsá. Fundur Samtaka veiðifélaga á Suðurlandi haldinn að Laugarlandi 3. Nóv. 2003

Magnús Jóhannsson, 2003. Skaftárveita. Áhrif á lífríki lindarvatna í Landbroti og Meðallandi. Erindi haldið á fundi Veiðifélags Grenlækjar að Efri-Vík 10. Október 2003

Magnús Jóhannsson, 2003. Veiði í Apavatni árið 2002. Aðalfundur Veiðifélags Apavatns 26. Apríl 2003.

Umsagnir

Benóný Jónsson, 2003. Rafklakveiði í Vatnsá 25. október 2003. Skýrsla til Veiðimálastjóra. 1 bls.

Magnús Jóhannsson, 2003. Umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð veiðistaða og bakkavarna í Kálfá. 2 bls.

Magnús Jóhannsson, 2003. Framlenging á veiðitíma í Grenlæk í Landbroti. 3 bls.

Magnús Jóhannsson, 2003. Umsögn um malartekju við Tungufljót í Skaftártungu. 1 bls.

Magnús Jóhannsson, 2003. Ádráttarveiði í Kúðafljóti. 1 bls.